

Brothættar byggðir

Framkvæmd verkefnisins árið 2018



21. janúar
2020

Eva Pandora Baldursdóttir

Kristján Þ. Halldórsson

Inngangur

Markmiðið með verkefninu Brothættum byggðum er m.a. að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélag, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra. Hugmyndin var frá upphafi sú að með verkefninu á Raufarhöfn yrði til aðferð eða verklag sem hægt væri að nota á fleiri stöðum sem stæðu frammi fyrir svipuðum vanda.

Settar voru á fót verkefnisstjórnir fyrir hvert byggðarlag. Í þeim sitja fulltrúar Byggðastofnunar, viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka og atvinnuþróunarfélags og loks tveir fulltrúar íbúa. Aðferð verkefnisins byggist á að halda tveggja daga íbúabing þar sem rædd er staða byggðarinnar og leiðir til úrlausna. Á íbúabinginu leggja íbúarnir sjálfir til umræðuefni og raða viðfangsefnunum eftir mikilvægi. Framhald verkefnisins byggir á niðurstöðum íbúabingsins og eru íbúar upplýstir um hvernig skilaboð þingsins eru höfð til hliðsjónar og málum fylgt eftir, t.d. með því að kynna áherslur íbúa fyrir ríkisvaldi og stofnunum. Stefnumótun með framtíðarsýn og markmiðum fyrir byggðarlagið byggir á niðurstöðum íbúabings og stöðugreiningu fyrir byggðarlagið. Stefnumótunin er síðan kynnt á íbúafundi. Íbúafundir eru haldnir árlega til að fara yfir stöðu verkefnisins.

Verkefnið hlýtur nýtt heiti í hverju byggðarlagi fyrir sig og í flestum tilvikum hafa íbúarnir sjálfir valið heitin með tillögum og atkvæðagreiðslu um þær. Heitin bera í sér bjartsýni og kjark, sem vegur upp á móti brothættu heiti heildarverkefnisins. Þessi heiti eru eftirfarandi:

- Raufarhöfn og framtíðin
- Breiðdælingar móta framtíðina
- Skaftárhreppur til framtíðar
- Bíldudalur – samtal um framtíðina
- Hrísey – perla Eyjafjarðar
- Glæðum Grímsey
- Öxarfjörður í sókn
- Áfram Árneshreppur
- Betri Borgarfjörður
- Öll vötn til Dýrafjarðar
- Betri Bakkafjörður

Þátttökubbyggðarlögin eiga sameiginlegt að þar hefur á síðustu árum verið mikil fólksfækkun og skekk aldursdreifing. Skortur er á húsnæði, sérstaklega íbúðarhúsnæði á leigumarkaði. Bætt fjarskipti og umbætur í raforkumálum eru brýn málefni víða, sem og samgöngubætur og bætt þjónusta. Þó nokkuð snemmt sé að segja til um áhrif verkefnisins Brothættra byggða má þó merkja ýmis jákvæð teikn, til dæmis aukna virkni og samstöðu íbúa, auk ýmissa verkefna sem farið hafa af stað í tengslum við Brothættar byggðir með og án verkefnastyrkja.

Hátt á sjöunda ár er liðið frá því hafist var handa á Raufarhöfn í tilraunaverkefni í byggðaþróun er fljótlega hlaut heitið Brothættar byggðir. Þar af eru liðin á fjórða ár frá því að núverandi verklag var skjalfest og meðal annars ráðnir verkefnisstjórar og farið að úthluta styrkjum samkvæmt verklagi. Jafnframt hefur verkefnið fest sig í sessi og í nýsamþykktri byggðaáætlun næstu ára er verkefnið orðið veigamikill þáttur í að auka viðspyrnu gegn hnignun í samfélögum sem m.a. hafa glímt við viðvarandi fólksfækkun og erfiðleika í atvinnulífi síðustu ár.

Í ljósi ofanritaðs þykir ástæða til að staldra við og leitast við að taka saman nokkur atriði um framkvæmd verkefnisins á árinu 2018 með ögn ýtarlegri hætti en áður, en jafnframt með stuðningi af gögnum fyrri ára eftir því sem við á.

Myndir í samantektinni og á forsíðu tók Kristján Þ. Halldórsson.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Samantekt	5
2. Fróðleikur og framkvæmd.....	6
3. Íbúapróun.....	7
4. Nýsköpun og frumkvöðlastarf í brothættum byggðarlögum í Evrópu.....	8
5. Þátttökubbyggðarlög.....	9
Bíldudalur og Raufarhöfn	9
Breiðdalshreppur	9
Skaftárhreppur	11
Þingeyri og nærsveitir	13
Áfram Árneshreppur	14
Glæðum Grímsey	16
Hrísey, perla Eyjafjarðar.....	17
Öxarfjörður í sókn	18
Borgarfjörður eystri - Betri Borgarfjörður.....	19
Viðauki 1 - Spurningalisti í Maskínukönnun um viðhorf íbúa til verkefnisins Brothættra byggða	21

1. Samantekt

Á árinu 2018 var Byggðastofnun aðili að átta verkefnum undir merkjum Brothættra byggða. Þau eru:

- Öll vötn til Dýrafjarðar
- Áfram Árneshreppur
- Glæðum Grímsey
- Hrísey, perla Eyjafjarðar
- Öxarfjörður í sókn
- Betri Borgarfjörður
- Breiðdælingar móta framtíðina
- Skaftárhreppur til framtíðar

Verkefnið á Þingeyri hófst á fyrri hluta árs en unnið var að undirbúningi fram eftir ári, þar til verkefnisstjóri kom til starfa síðsumars. Verkefnisáætlun var samþykkt af íbúum síðla hausts.

Unnið var samkvæmt áætlun í verkefninu Áfram Árneshreppur. Smæð og einangrun samfélagsins gerir þetta verkefni sérstaklega krefjandi, ásamt því að íbúar hafa ekki fengið hljómgrunn hjá stjórnvöldum varðandi bættar samgöngur og það að að rjúfa vetrareinangrun.

Verkefnið Glæðum Grímsey gengur um margt vel og íbúar vel virkir. Það er þó óhætt að segja að þar hefur ekki tekist að snúa við þróun varðandi fækkun íbúa í eyinni.

Verkefnið Hrísey, perla Eyjafjarðar er á góðri siglingu og heilmikið frumkvæði í samfélaginu. Ný atvinnutækifæri eru í bígerð, svo sem hænsnabú. Þá er hugur í eyjarskeggjum varðandi ferðapjónustu.

Verkefnið Öxarfjörður í sókn gengur um margt vel, það er gróska varðandi nýtingu styrkja í þágu sprotaverkefna. Meginatvinnugreinin, landbúnaður er þó starfrækt í skugga lækkana á afurðaverði til bænda í kjölfar offramleiðslu á landsvísu.

Verkefnið Betri Borgarfjörður hófst í byrjun árs og náði strax góðu flugi. Íbúar og aðrir velunnarar samfélagsins þar virðast staðráðnir í að nýta það tækifæri sem verkefnið ætti að geta gefið þeim til framfara.

Verkefninu í Breiðdal lauk í lok árs 2018. Heimamenn eru sáttir við verkefnið að mörgu leyti og þó nokkrir sprotar haf náð að skjót rótum í atvinnulífi og mannlífi.

Verkefninu í Skaftárhreppi lauk sömuleiðis í lok árs 2018. Þar er sumpart mikill uppgangur samfara þróun ferðamennsku yfir í heilsársatvinnuveg. Á hinn bóginn er komin upp sértök staða sem fylgir því að stór hluti íbúa er erlent starfsfólk með tiltölulega stuttan dvalar-/búsetutíma.

Framkvæmdar voru kannanir meðal íbúa í Skaftárhreppi og Breiðdalshreppi til að leggja mat á viðhorf íbúa gagnvart verkefnunum.¹

Veittir voru styrkir í byggðarlögunum, alls að upphæð 56 milljónir króna. Starfandi voru verkefnisstjórar fyrir öll verkefni, þó í hlutastarfi fyrir Þingeyri og Árneshrepp og einn verkefnisstjóri sinni verkefnum í Hrísey og Grímsey. Landshlutasamtök og/eða atvinnuþróunarfélög hafa ráðið verkefnisstjórana til starfa en notið fjárhagslegs stuðnings verkefnisins Brothættra byggða til þess. Nánari upplýsingar um styrki er að finna á [heimasíðu Byggðastofnunar](#).

¹ Maskína sá um framkvæmdina


2. Fróðleikur og framkvæmd

Verkefnið hefur frá árinu 2015 verið skipulagt og framkvæmt í samræmi við verkefnislýsingu sem var formlega gefin út í mars 2016. Þá hafði farið fram mikil vinna við að kynna sér sambærileg verkefni í öðrum löndum, einkum í Noregi og Skotlandi, ásamt því að ráðuneytið lét gera úttekt á verkefninu 2014-2015. EY Ísland sá um þá úttekt.

Verkefnið er framkvæmt í fjórum áföngum: undirbúningi, íbúapingi og mótun verkefnisáætlunar, framkvæmdaáfangi og lokaáfangi verkefnis. Verkefnið byggir mjög ákveðið á samtali og samstarfi við íbúa og því að ýta undir áhuga þeirra og samstöðu varðandi framfaramál í samfélaginu, þ.e. á valdeflingu samfélagsins. Mikilvægt hlutverk Byggðastofnunar í verkefninu er að efla samstöðu hagsmunaaðila, að stjórnvöldum meðtöldum, um að vinna að framfaramálum er varða byggðarlögin. Enn fremur að veita verkefnisstyrki til frumkvæðisverkefna í byggðarlögunum.

Í hverju byggðarlagi er starfandi verkefnisstjóri, ýmist í hlutastarfi eða fullu starfi, eftir því sem aðstæður bjóða upp á og samkomulag er um. Það ræðst meðal annars af landfræðilegri stöðu og hvort hægt er að samnýta krafta verkefnisstjóra í fleiri en einu byggðarlagi. Verkefnisstjóri starfar í umboði verkefnisstjórnar.


Verkefnisstjórn leggur línur um úthlutun styrkja en Byggðastofnun hefur gefið út leiðbeiningar þar að lútandi í viðauka við verkefnislýsingu. Styrkir á árinu 2018 voru sjö milljónir í hverju byggðarlagi. Fullyrða má að styrkir hafi haft mikil og hvetjandi áhrif í samfélögunum. Mörg verkefni hafa ýmist sótt í sig veðrið, eða jafnvel hafist í kjölfar styrkumsóknar. Dæmi um slík verkefni eru Tinna Travel, Breiðdalsbiti og Beljandi bjórverksmiðju á Breiðdalsvík, Búðin á Borgarfirði eystri, Kind Adventure í Skaftárhreppi, Landnámsegg í Hrísey og ullarvinnsla og náttúruaðaverkefni í Öxarfjarðarhéraði. Þá eru ótalin verkefni í ferðaþjónustu og fleiri greinum í Hrísey og Grímsey og góð verkefni í Árneshreppi, einkum tengd samfélagi og verslun en einnig í ferðaþjónustu.



The image shows a screenshot of the website tinna-adventure.is. The page features a navigation menu with links for HOME, TOURS, PRACTICAL INFO, ABOUT US, and BLOG. A search icon and a phone number (+354 8323500) are also visible. The main content area has a large blue header with the text "Super jeep tours in winter" and "Enjoy the winter adventure of a lifetime in East Iceland." Below this is a photograph of three SUVs parked on a snowy landscape. A person in a red jacket is standing between the vehicles. At the bottom of the page, there is a cookie consent banner that reads: "This website uses cookies to improve your experience. We'll assume you're ok with this, but you can opt-out if you wish." with buttons for "Accept", "Reject", and "Read More".

3. Íbúapróun

Í rökstuðningi Alpings með fjárveitinum til verkefnisins er vísað til þess að verkefnið nýtist byggðarlögum sem hafa átt í langvarandi vanda vegna fækkunar íbúa að etja. Enda er meginmarkmið verkefnisins að sporna við þeirri þróun. Því er eðlilegt að líta á þróun í mannfjölda þáttökubyggðarlaganna miðað við fyrsta janúar 1998-2019.



Staða byggðarlaganna er mjög misjöfn hvað varðar breytingar á íbúafjölda og við það bætist að þau hafa ýmist lokið verkefninu eða mis langt komin.

Skaftárhreppur sker sig úr með öra fjölgun frá árinu 2013 og fer íbúatalan að slaga upp í það sem hún var um eða fyrir síðustu aldamót. Hægt er að fullyrða að þessa fjölgun megi rekja til fjölgunar ferðamanna og aukinna umsvifa í ferðaþjónustu. Athyglisvert er að fjölgunina frá 2013 - 2018 má rekja alfarið til fjölgunar íbúa með erlent ríkisfang og raunar hefur íbúum með íslenskt ríkisfang fækkað um einn á sama tíma. Fjölgunin gerir því meðal annars auknar kröfur til Skaftárhrepps um þjónustu við nýbúa, svo sem tungumálakennslu.

Bíldudalur naut einnig umtalsverðrar fjölgunar íbúa á árunum 2012 til ársbyrjunar 2017 en heldur hefur fækkað 2017 og 2018. Fullyrða má að ástæðuna fyrir fjölgun megi rekja til uppgangs í atvinnulífi og þá einkum fiskeldi.

Raufarhöfn náði sér aðeins á strik á árunum 2015 - 2018 hvað íbúatölu varðar, það er eftir að verkefnið Raufarhöfn og framtíðin hafði staðið í 3 - 5 ár. Samkvæmt myndinni virðist hins vegar farið að síga á ógæfuhliðina á ný og þegar þetta er skrifað lítur út fyrir fækkun á árinu 2019.

Í Breiðdalshreppi hætti að mestu að fækka upp úr árinu 2013 og hefur fjöldi íbúa staðið í stað. Vonir standa til að verkefnið í Breiðdal hafi skilað aukinni samstöðu og virkni meðal íbúa og muni þannig smám saman leiða til sterka samfélags. Við það bætist að sveitarfélagið sameinaðist Fjarðabyggð í júní 2019.

Um önnur byggðarlög er ef til vill full snemmt að draga ályktanir af tölum um fjölda íbúa en sjá má vísbendingar um að íbúum hafi hætt að fækka í Öxarfjarðarháa og Hrísey og jafnvel Borgarfirði eystri, en að í Árneshreppi og Grímsey hafi fækkað enn. Verkefnið á Þingeyri hófst seinna en á Borgarfirði og fór hægt af stað þannig að óráðlegt er að leggja út af tölum þar. Einnig kann skráning starfsmanna við Dýrafjarðargöng að hafa í för með sér að erfitt er að bera saman tölur á milli síðustu ára nema með frekari greiningu.

4. Nýsköpun og frumkvöðlastarf í brothættum byggðarlögum í Evrópu

Á árunum 2017 – 2019 leiddi Byggðastofnun Erasmus+ samstarfsverkefnið Nýsköpun og frumkvöðlastarf í brothættum byggðarlögum í Evrópu (e. Innovation and Entrepreneurship for Fragile Communities in Europe – INTERFACE). Til viðbótar við Byggðastofnun tóku Háskólinn á Bifröst og stofnanir í Búlgaríu, Grikklandi, Írlandi og Ítalíu einnig þátt í verkefninu.



Erasmus+

Helstu viðfangsefni og markmið verkefnisins voru að:

- Skilgreina og velja byggðarlög sem hafa átt undir högg að sækja í löndum samstarfsaðila (m.a. vegna fólksfækkunar og einhæfni og/eða samdráttar í atvinnulífi) en hafa möguleika á styrkja stöðu sína með aðgerðum verkefnisins.
- Skilgreina hæfniparfir íbúa, landshlutasamtaka og atvinnuþróunarfélaga fyrir viðkomandi byggðarlag með það að markmiði að auka hæfni til sjálfbærrar atvinnuuppbyggingar sem hefði jákvæð áhrif á byggðarlagið.
- Þjálfva einstaklinga sem aðstoða aðra innan byggðalagsins sem og að skipuleggja og halda vinnustofu til að auka færni íbúa til þess að takast á við ýmis verkefni innan byggðalagsins.
- Heimfæra árangur verkefnisins yfir á önnur byggðarlög og lönd til að hámarka árangur alþjóðlega samstarfsins og styðja við uppbyggingu brothættra byggðarlaga um alla Evrópu.

Í verkefninu voru gerðar kannanir og gagnarannsóknir þar sem þörfin fyrir þjálfun í samfélögunum metin, námsskrá var í framhaldi útfærð fyrir þátttakendur í þjálfun. Þjálfun átti sér stað á árinu 2018 þar sem allir verkefnisstjórnar Brothættra byggða voru m.a. þátttakendur. Í þjálfuninni var notast við blandaðar kennsluáferðir, m.a. vinnustofur og heimaverkefni. Einnig var stofnaður alþjóðlegur náms- og samstarfsvettvangur fyrir þátttakendur á internetinu. Væntanlegar niðurstöður verkefnisins eru m.a. burðugri og sterkari byggðarlög, að einstaklingar í brothættum byggðum hafi aukið þekkingu sína og getu til að stuðla að og nýta nýsköpun, frumkvæði, greinandi hugsun, úrræðasemi, leiðtogaþæfni og þrautseigju, til að bæta sína stöðu og viðkomandi byggðalags og vonir standa einnig til að alþjóðlega tengslanetið verði nýtt með einhverjum hætti í framtíðinni.

5. Þátttökubýggðarlög

Bíldudalur og Raufarhöfn höfðu lokið sinni vegferð í verkefninu þegar á árunum 2016 og í byrjun árs 2018 og um þau fjallað áður í fyrri ársskýrslum. Við þá umfjöllun má þó bæta að gerð var könnun (Maskína 2018) meðal íbúa á Raufarhöfn um við horf þeirra til verkefnisins. Endanlegur fjöldi í úrtaki var 127 og fjöldi svarenda 58, eða 45,7%. Svarendur voru beðnir að gefa einkunn á bilinu 1-5 eftir því hvort þeir voru neikvæðir eða jákvæðir / ósammála (1) eða sammála (5) tiltekinni spurningu/fullyrðingu.

Meðal annars var spurt:

- *Á heildina litið finnst þér verkefnið Raufarhöfn og framtíðin hafa tekist vel eða illa? Meðalskor 3,4*
- *Hversu vel eða illa þekkir þú til verkefnisins Brothættra byggða / Raufarhafnar og framtíðarinnar sem stóð yfir á Raufarhöfn frá 2012 – janúar 2018? Meðalskor 3,32*
- *Hversu virk(ur) eða óvirk(ur) varst þú í verkefninu Raufarhöfn og framtíðinni? Meðalskor 2,59*
- *Finnst þér að á verkefnistímanum hafi vel eða illa tekist til við að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða Raufarhöfn? Meðalskor 2,77*
- *Finnst þér það hafa skipt miklu eða litlu máli að hafa starfandi verkefnisstjóra lengst af verkefnistímans? Meðalskor 3,82.*
- *Finnst þér þeir styrkir sem voru veittir í tengslum við verkefnið Raufarhöfn og framtíðina hafa skipt miklu eða litlu máli í viðleitni til framfara á staðnum á verkefnistímanum? Meðalskor 3,47*
- *Hversu miklu eða litlu máli telur þú það skipta að áfram verði unnið með framtíðarsýn og markmið verkefnisins Raufarhafnar og framtíðarinnar? Meðalskor 4,41.*

Af þessu sést að meðalskor er yfir meðaleinkunn (3) í flestum þáttum og freistandi að álykta sem svo að íbúar hafi verið þokkalega ánægðir í mörgum tilvikum. Áhugavert er að rýna í svör við spurningunni er varðar framhald verkefnisins sem fær 4,41 í meðalskor. Það má álykta af þessu að íbúar hafi trú á að vinna af þessu tagi geti haft jákvæð áhrif á samfélagið. Þess ber að geta að Raufarhöfn hafði á árunum frá aldamótum og fram undir það að verkefnið hófst árið 2012 orðið fyrir gríðarlegum áföllum í atvinnulífi og varðandi flótta fólks úr samfélaginu. Óvarlegt væri að fullyrða að samfélagið á Raufarhöfn sé komið á lygnan sjó þrátt fyrir nokkurn bata á meðan verkefninu stóð.

Á Raufarhöfn voru haldnir tveir fundir í verkefnisstjórn á árinu 2018, í fyrsta lagi vegna íbúafundar í janúar og í nóvember vegna styrkjamála. Þar gekk seint að ljúka uppgjörum vegna styrkja þar sem að minnsta kosti eitt verkefni kláraðist ekki á árinu. Verkefnisstjórn mun fylgja því eftir eins og með þarf.

Á Raufarhöfn hefur Norðurþing, í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga fylgt starfinu eftir með svipuðu sniði að því leyti að ráðinn var verkefnisstjóri fljótlega eftir að Byggðastofnun dró sig í hlé í ársbyrjun 2018, til að fylgja eftir vinnu í anda verkefnisins. Er það mjög í anda þess sem starfsfólk verkefnisins hjá Byggðastofnun hefur vonast eftir að gerðist í þeim byggðarlögum sem „útskrifast“ úr verkefninu Brothættum byggðum.

Breiðdalshreppur. Byggðastofnun dró sig út úr verkefninu Breiðdælingar móta framtíðina og lauk aðkomu sinni formlega á íbúafundi í janúar 2019. Verkefnið hafði þá staðið frá því síðla árs 2013.

Haldnir voru fjórir fundur í verkefnisstjórn á árinu. Verkefnisstjórnun var í öruggum höndum Hákonar Inga Hanssonar en frá miðju ári Alda Marín Kristinsdóttir, nýráðinn verkefnisstjóri á Borgarfirði með hluta verkefna á sinni könnu og tók formlega við verkefnisstjórnun.



Veittir voru styrkir að upphæð sjö milljónir króna. Styrkt voru fjölbreytt verkefni í menningu, atvinnumálum og aðstöðu til íþróttaiðkunar, meðal annars. Styrkir í Breiðdal hafa verið vel nýttir þau ár sem verkefnið Breiðdælingar móta framtíðina hefur staðið og eftir standa fjölbreyttir sprotar í þjónustu og atvinnusköpun, ásamt því að hefð hefur skapast fyrir menningarviðburðum. Verkefnisstjórn mun verða virk áfram, allt þar til lokið hefur verið uppgjöri allra styrkja á verkefnistímanum. Verkefnisstjórn hélt sex fundi á árinu 2018, þar af einn í Breiðdal.

Þegar litið er á stöðu markmiða sem hafa verið skilgreind í verkefnisáætlun Breiðdælingar móta framtíðina er óhætt að segja að verulegur árangur hefur náðst í vinnu að þessum markmiðum.

Meginmarkmið (fjöldi starfsmarkmiða)	Starfsmarkmiði lokið	Starfsmarkmið í vinnslu	Verkefni ekki hafið
1 – Áhugaverður búsetu- og áningarstaður (17)	9	4	4
2 – Trygg atvinna (5)	5	0	0
3 – Góð grunnþjónusta (6)	1	4	1
4 – Öflugt mannlíf (9)	3	3	3
Alls	18	11	8
Alls (hlutfall)	48,6%	29,7%	21,6%

Tæplega helmingi starfsmarkmiða telst vera náð, tæpur þriðjungur er í vinnslu en vinna ekki hafin við rúm 21%. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að markmið hafa verið sett fram án tillits til þess hvort framkvæmd vinnu við þau er á valdi heimamanna eða utanaðkomandi aðila. Af tölunum má ráða að sé til þess vilji af hálfu heimamanna að fylgja markmiðum sem ekki hafa náðst eftir er mikilvægt að þeir fái til þess góðan stuðning sveitarfélags og stoðkerfis og ríkis eftir því sem við á og aðstæður leyfa. Fjarðabyggð hefur falið Valgeiri Ægi Ingólfssyni, atvinnu- og þróunarstjóra sveitarfélagsins að annast um mál Breiðdælinga eftir sameiningu og er það vel.

Maskína framkvæmdi viðhorfskönnun meðal íbúa til að varðandi verkefnið í Breiðdal í apríl 2019. Þar kemur fram að endanlegur fjöldi í úrtaki var 100 einstaklingar og þar af svöruðu 66%.

Gefnar voru einkunnir á bilinu 1 – 5 fyrir hverja spurningu eftir því hversu ósammála eða sammála viðkomandi var efni spurningar/fullyrðingar. Lægsta skor fékk spurning um hversu virkur viðkomandi var í verkefninu. Nægst lægsta skor, 3,33 stig fékk spurning um það hversu vel hafi tekist að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða Breiðdal. Hæstu einkunnir fengu eftirfarandi spurningar:

- Á heildina litið, finnst þér verkefnið Brothættar byggðir/Breiðdælingar móta framtíðina hafa tekist vel eða illa?, 4,15 stig.
- Finnst þér að í verkefninu Breiðdælingar móta framtíðina hafi tekist vel eða illa að virkja íbúa til að þróa samfélagið?, 4,00 stig.
- Finnst þér það hafa skipt miklu eða litlu máli að hafa starfandi verkefnisstjóra lengst af verkefnistímans?, 4,20 stig.
- Finnst þér styrkir sem voru veittir í tengslum við verkefnið Breiðdælingar móta framtíðina hafa skipt miklu eða litlu máli í viðleitni til framfara á staðnum á verkefnistímanum?, 4,26 stig
- Hversu miklu eða litlu máli telur þú það skipta að áfram verði unnið með framtíðarsýn og markmið verkefnisins Breiðdælingar móta framtíðina?, 4,52 stig.

Meðaltal skors fyrir aðrar spurningar liggur á bilinu 3,51 – 3,88, eða vel yfir meðaltalinu 3. Undirritaðir verkefnisstjórar Brothættra byggða freistast til að líta svo á að ofangreindar tölur sýni að Breiðdælingar eru tiltölulega ánægðir með verkefnið og afrakstur þess. Sérstaka athygli vekur hversu margir telja mikilvægt að áfram verði unnið að því að ná framtíðarsýn og markmiðum verkefnisins og það gefur sannarlega góðan tón fyrir framhaldið í nýju sameinuðu sveitarfélagi, Fjarðabyggð.

[Skaftárhreppur](#) var samkvæmt samningi komið að leiðarlokum í lok árs 2018 hvað þátttöku Byggðastofnunar varðar, líkt og verkefnið í Breiðdal, enda hófust þau á sama tíma á árinu 2013.

Eftirfarandi umfjöllun er að stórum hluta fengin í [lokaskýrslu verkefnisstjóra](#).

Verkefnið gekk vel á árinu og má segja að í því hafi verið stígandi frá fyrri árum og stór hagsmunamál, m.a. tengd innviðum, að komast á dagskrá. Segja má að það hafi verið seinna en íbúar höfðu haft væntingar um það má segja að allt er gott sem endar vel.

Þuríður Helga Benediktsdóttir hafði tekið við verkefnisstjórnun á seinni hluta árs 2017 og kom sterk til leiks sem starfsmaður Kirkjubæjarstofu.

Meginmarkmið verkefnisins eru þrjú:

- Öflugir innviðir
- Skapandi atvinnulíf
- Heillandi umhverfi

Aðstæður í Skaftárhreppi eru nokkuð ólíkar því sem gerist í öðrum Brothættum byggðum að því leyti að íbúum hefur fjölgað myndarlega frá árinu 2013 og hvað mest á milli árána 2017 og 2018. Fjölgunina má að stórum hluta rekja til mikillar uppbyggingar í ferðaþjónustu og þá ekki síst breytinga úr árstíðabundinni starfsemi yfir í heilsársatvinnuveg á Suðurlandi. Þessi mikla fjölgun leiðir á hinn bóginn af sér ný viðfangsefni í ljósi þess að margir hinna nýju íbúa eru erlendir starfsmenn með stutta búsetu. Meðal annars má sjá að þrátt fyrir að ungu fólki fjölgi og þá sérstaklega konum, þá fjölgar börnum ekki eins og við hefði mátt búast ef horft er á tölurnar eingöngu. Þess í stað hafði börnum fækkað um 7% á árunum 2007 - 2018.

Verkefnisstjórn hélt þrjá fundi á árinu 2018, þarf af tvo á Kirkjubæjarklaustri en einn fjarfund.

Eftirfarandi atriði nefndi verkefnisstjóri sérstaklega sem mikilvæg í lokaskýrslu sinni og á íbúafundi við verkefnislok sem haldinn var 14. febrúar 2019 (hér í styttri útgáfu):

- **Formfesting starfsmarkmiða** til að vinna eftir og að hafa íbúana sem þátttakendur í undirbúnings- og skilgreiningarvinnu.


- Stjórnsýslan heima í Skaftárhreppi er mikilvægt **bakland** hvað varðar upplýsingagjöf og samvinnu við slíkt verkefni.
- **Frumkvæðissjóður** Brothættra byggða hefur sýnt sig að vera mjög nauðsynlegur. Með stuðningi sjóðsins hafa íbúar getað hrint í framkvæmd hugmyndum og byggt upp atvinnutækifæri í Skaftárhreppi.
- Landshlutasamtökin **SASS** og **Byggðastofnun** eru mjög mikilvæg sveitarfélaginu. Stjórnsýsla Skaftárhrepps sé virkur þátttakandi og geri sig gildandi í þeirri starfsemi. T.d. í Byggðaáætlun 2018-2024, eru mörg verkefni sem ætluð eru til að aðstoða dreifðari byggðir.
- Skaftárhreppur og umhverfi hans býr við mikinn eiginlegan og óáþreifanlegan auð, sem byggður hefur verið upp í gegnum tíðina. Nauðsynlegt er að nýta þessi verðmæti og hafa þau sem stökkpall í áframhaldandi byggðaþróun;
 - **Friður og Frumkraftar** – www.visitklaustur.is
 - **Kirkjubæjarstofa** – menningar og fræðasetur
 - **Katla Jarðvangur**
 - **Vatnajökulsþjóðgarður**
 - **Kynning innávið** – taki einnig mið af að Skaftárhreppur er **fjölpjóðasamfélag**

Eins og sjá má á meginmarkmiðum hér að ofan voru öflugir innviðir helsta baráttmál íbúa og það er í takti við forgangsröðun málefna á íbúáþingi. Lengi vel þótti íbúum ganga seint hvað þetta varðar en við verkefnislok voru teikn á lofti um miklar framfarir í tveimur innviðamálum, lagningu ljósleiðara í sveitarfélaginu og forgangsröðun þrífösunar rafmagns í Skaftárhreppi á næstu misserum og árum.

Markmið um fjölgun íbúða hafði í raun þegar verið uppfyllt strax í byrjun árs 2018. Þó er enn þörf á meira íbúðarhúsnæði.

Vetrarþjónusta vega hafði aukist og færð úr flokki 3 í flokk 2 fyrir lok árs 2018, enda orðið alvarleg slyss á þjóðvegum í byggðarlaginu undanfarin misseri. Seint þykir heimamönnum hins vegar ganga varðandi endurbætur á vegum og mannvirkjum svo sem brúm en þó eru verk á áætlun 2019 og síðar, svo sem ný brú yfir Eldvatn.

Möguleikar til afþreyingar fyrir ferðamenn hafa orðið að veruleika í lok árs 2018 fyrir frumkvæði íbúa en í því samhengi hefur styrktarsjóður Skaftárhrepps til framtíðar nýst vel. Fjölmörg verkefni hafa notið styrkja og blómstrað á verkefnistímanum. Nefna má fræðslustíg, hjólaferðir, upplýsingavef, feldfjarrækt og handverksmiðju sem dæmi en þó er það ekki tæmandi upptalning. Þá hafa verkefni farið af stað án aðkomu sjóðsins og er það vel, svo sem jeppaferðir og útilistaverk.



Unnið var að stefnumótun vegna ríkisjarða í sveitarfélaginu í samstarfi við ríkið. Sá árangur náðist að tvær þeirra voru auglýstar til sölu, enda er það mikið kappsmál hjá heimafólki að þessar jarðir komist í ábúð.

Lögð er mikil áhersla á að þekkingarsetur risi á Kirkjubæjarklaustri og er unnið að því hörðum höndum í samstarfi við ríkið að það geti orðið að veruleika. Verkefnið hefur fengið úthlutað fjármagni úr Byggðaáætlun 2018-2024.

Fleiri markmið og áherslumál mætti nefna en hér verður staldrað við og þess í stað bent á lokaskýrslu verkefnisstjóra.

Frumkvæðissjóður Skaftárhrepps til framtíðar hefur styrkt 44 verkefni á verkefnistímanum og flestum þeirra hefur verið lokið eða þau eru í vinnslu samkvæmt áætlun. Eitt verkefni var ekki hafið í lok árs 2018 og var með skiladagsetningu 2019. Kirkjubæjarstofa mun sjá um að fylgja styrkjamálum eftir í samstarfi við Byggðastofnun og verkefnisstjórn.

Gerð var könnun meðal íbúa í Skaftárhreppi um viðhorf þeirra til verkefnisins að því loknu. Maskína sá um framkvæmdina og niðurstöður lágu fyrir í apríl 2019. Endanlegur fjöldi í úrtaki var 250 manns og þar af svöruðu 139 eða 55,6%.

Gefnar voru einkunnir á bilinu 1 – 5 fyrir hverja spurningu eftir því hversu ósammála eða sammála viðkomandi var efni spurningar/fullyrðingar. Lægsta skor fékk spurning um hversu virkur viðkomandi var í verkefninu, 2,18. Nægst lægsta skor, 2,8 stig, fékk spurning um það hversu virk(ur) eða óvirk(ur) viðkomandi var í verkefninu. Hæstu einkunnir fengu eftirfarandi spurningar:

- Á heildina litið, finnst þér verkefnið Brothættar byggðir/Skaftárhreppur til framtíðar hafa tekist vel eða illa?, 3,51 stig.
- Finnst þér það hafa skipt miklu eða litlu máli að hafa starfandi verkefnisstjóra lengst af verkefnistímans?, 4,11 stig.
- Finnst þér styrkir sem voru veittir í tengslum við verkefnið Skaftárhreppur til framtíðar hafa skipt miklu eða litlu máli í viðleitni til framfara á staðnum á verkefnistímanum?, 3,77 stig.
- Ert þú sammála eða ósammála þeirri nálgun í verkefninu að láta það taka til margra þátta samfélagsins fremur en atvinnumála eingöngu?, 4,10 stig.
- Hversu miklu eða litlu máli telur þú það skipta að áfram verði unnið með framtíðarsýn og markmið verkefnisins Skaftárhreppur til framtíðar?, 4,20 stig.

Meðaltal skors fyrir aðrar spurningar liggur á bilinu 3,02 – 3,43, eða nokkuð yfir meðaltalinu 3.



Undirritaðir verkefnisstjórar Brothættra byggða freistast til að líta svo á að ofangreindar tölur sýni að íbúar Skaftárhrepps eru tiltölulega ánægðir með verkefnið og afrakstur þess. Sérstaka athygli vekur hversu margir telja mikilvægt að áfram verði unnið að því að ná framtíðarsýn og markmiðum verkefnisins og er það sama niðurstaða og á Raufarhöfn og í Breiðdal. Það virðist því hafa skapast trú á að heildaryfirsýn og markviss vinna að málefnum héraðsins sé

mikilvæg og skipti máli.

[Þingeyri og nærsveitir](#)

Gengið var til samstarfs í upphafi árs og verkefnið tekur til Þingeyrar og dreifbýlisins við Dýrafjörð. Fyrsti fundur verkefnisstjórnar haldinn 25. febrúar 2018. Verkefnið hlaut nafnið „Öll vötn til

Dýrafjarðar“. Verkefnið fór nokkuð rólega af stað, einkum tók langan tíma að móta umgjörð um starfið og finna rétta verkefnisstjórn og lenti það ferli inn í sumarfrí. Agnes Arnardóttir var ráðin og hóf störf 1. september af miklum krafti. Hún er starfsmaður Vestfjarðastofu í hálfu starfi við verkefnisstjórn Allra vatna til Dýrafjarðar.

Meðal fyrstu verkefna var að leggja drög að verkefnisáætlun með hliðsjón af skilaboðum íbúabings sem haldið var helgina 10.-11. mars á Þingeyri. Drög verkefnisáætlunar voru lögð fyrir íbúafund þann 4. desember og samþykkt með breytingatillögum íbúa á fundinum.

Meginmarkmið verkefnisins eru þessi:

- Fjölskylduvænt samfélag
- Skapandi samfélag
- Umhverfisvæn útivistarparadís
- Framúrskarandi útvörður Ísafjarðarbæjar

Markmiðunum er ætlað að endurspegla áherslur verkefnisins Öll vötn til Dýrafjarðar og sérstöðu Þingeyrar og nærsveita.

Auglýst var eftir umsóknum um styrki úr sjóði Allra vatna til Dýrafjarðar til framfaraverkefna í byggðarlaginu vegna ársins 2018 og var umsóknarfrestur til 15. janúar 2019. Því var í raun fyrst úthlutað í upphafi árs 2019 vegna fyrra árs. Til ráðstöfunar voru sjö milljónir króna.

Vart er hægt að segja að verkefnið Öll vötn til Dýrafjarðar hafi náð að sanna sig á árinu 2018, enda nýhafið. Það er á hinn bóginn óhætt að fullyrða að íbúar séu áhugasamir og þar eru ýmsar hugmyndir á lofti og fjölmargir frumkvöðlar. Meðal annars má nefna Blábankann í því samhengi, enda er starfið í „bankanum“ mjög framfaramiðað.

Agnes, líkt og aðrir verkefnisstjórnar, tók þátt í áður nefndu INTERFACE verkefni um þjálfun hæfnipátta hjá fólki í Brothættum byggðum.



Verkefnisstjórn hélt níu fundi á árinu, þar af þrjá á Þingeyri. Annars í fjarfundi.

Áfram Árneshreppur

Umfjöllun um verkefnið Áfram Árneshreppur vegna ársins 2018 styðst meðal annars og ekki síst við ársskýrslu verkefnisstjóra, Skúla Gautasonar.

Í lok árs 2017 var haldinn í búafundur þar sem samþykkt var framtíðarsýn, fjögur meginmarkmið og fjöldi starfsmarkmiða skilgreind. Meginmarkmiðin eru:

- Traustur landbúnaður og sjávarútvegur
- Einstakt menningarlandslag og náttúra
- Öflugir innviðir
- Samheldið samfélag

Ófangreind meginmarkmið skilgreina um leið um hvað verkefnið snýst og eru leiðbeinandi fyrir viðleitni íbúa og annarra aðila verkefnisins.

Árneshreppur er afskekktur í landfræðilegu tilliti en þó einkum vegna skertra samgangna stóran hluta ársins og byggðin á í vök að verjast. Íbúarnir eldast og það á meðal annars við um bændur í byggðarlaginu. Tölur um þróun í fjölda íbúa og aldurssamsetningu bera með sér að yngra fólk hefur flutt burtu og leiða má getum að því að það treysti sér ekki til að setjast að með heilsársbúsetu eins og aðstæður eru í samgöngum. Það kemur enda fram í meginmarkmiðinu „Öflugir innviðir“ til tilheyrandi starfsmarkmiðum að íbúar hafa væntingar um að bættar samgöngur skapi forsendur fyrir sterkara samfélagi. Því eru mikil vonbrigði að lítið sem ekkert þokaðist í samgöngumálum innan sveitarfélagsins á árinu. Þó má ekki gera lítið úr vegabótum á Bjarnarfjarðarhálsi og brú í Bjarnarfirði á undanförunum árum.

Verkefnisstjóri segir í skýrslu sinni: „Deilur um Hvalárvirkjun urðu háværar, einkum í kringum sveitarstjórnarkosningar vorið 2018, enda litu margir svo á að þar væri einkum verið að kjósa um hvort veita ætti leyfi til virkjanaframkvæmda eður ei. Þessar deilur urðu býsna hatrammar og voru um hríð fyrsta frétt í hverjum fréttatíma.

Segja má að þessar deilur hafi gert það að verkum að ekki var vinnufriður til að vinna að þeim margvíslegu og góðu málum sem sett voru fram í markmiðasetningu íbúafundarins frá því árið áður. Það var í raun ekki fyrr en hausta tók að [...] skapaðist nokkur ró og sátt til að halda vinnunni áfram.“

Því miður má segja að ofanritað lýsi árinu 2018 vel hvað verkefnið í Árneshreppi varðar. Það skal tekið fram að Byggðastofnun og verkefnisstjórn tóku um það afdráttalaus ákvörðun að verkefnið blandaði sér ekki í virkjanamálið og að verkefnisstjórn tjáði sig hvorki með eða á móti, né heldur yrði það til umræðu á íbúafundum. Þessi afstaða hefur reynst vel og íbúar hafa virt hana að mati undirritaðra.

Þrátt fyrir ofanritað var unnið að góðum verkefnum og má nefna að íbúar, undir forystu verkefnisstjóra, efndu til fjöruhreinsunar á sumarmánuðum, þannig var leitast við að skapa viðburði sem væru til þess fallnir að bæta ásýnd og umhverfi byggðarlagsins og jafnframt að auka samheldni á milli íbúa og virkja góða gesti. Verkefnisstjóri vann auk þess að ýmsum góðum málum, m.a. þeim sem skilgreind eru í verkefnisáætlun, eftir því sem aðstæður leyfðu.



Haldinn var íbúafundur í lok nóvember 2018 þar sem farið var yfir framvindu mála og skerpt á markmiðasetningu. Sá fundur var mjög gagnlegur, mæting góð og þar og ríkti bjartsýni.

Veittir voru átta verkefnastyrkir úr sjóði verkefnisins Áfram Árneshreppur, að upphæð sjö milljónir króna. Sex af verkefnum komust til framkvæmda, hætt var við eitt og eitt er í biðstöðu. Einn af stærri styrkjunum var til að styðja við bak verslunarreksturs í Norðurfirði


og er það í góðu samræmi við markmið verkefnisins. Rekstraraðilar hættu á hinn bóginn rekstri á seinni hluta ársins og því nýttist hlutu fjárins síðar í endurreisn verslunarreksturs á árinu 2019. Verkefni hafa

að mestu leyti heppnast vel og verða vonandi öðrum hvatning til að fara af stað með fjölbreytileg verkefni í framtíðinni.

Verkefnisstjórn hélt sjö fundi á árinu, þar af einn í Árneshreppi 27. júní og annan þar í tengslum við íbúafund í Árneshreppi þann 14. nóvember. Annars var um fjarfundi að ræða.

Glæðum Grímsey

Verkefnið í Grímsey hefur um margt gengið vel og það var heilmikill vilji hjá heimamönnum að nýta þau tækifæri sem með því gæfust á árinu 2018. Unnið var að þeim markmiðum sem sett voru og samþykkt í verkefnisáætlun á íbúafundi á árinu 2017 undir styrki stjórn Helgu Írisar Ingólfssdóttur, verkefnisstjóra. Meginmarkmiðin eru:



Ekki þarf að orðlengja að sjávarútvegur er grunnur í samfélags í Grímsey og efsta meginmarkmiðið ber þess vitni. Útgerðir í eyrni nutu aflamarks Byggðastofnunar og án efa var það og er mikilvægur stuðningur. Hins vegar var höggvið skarð í starfsemi í Grímsey þegar ein útgerð dró saman í starfsemi og lét frá sér mikið af aflaheimildum. Má velta fyrir sér hvort mikil skuldsetning eftir hrunárin og hörð tók fjármálastofnana á heimildum hafi gert útgerðunum erfitt fyrir og geri jafnvel enn þegar þetta er ritað.

Umhverfismál eru íbúum hugleikin og tengist það til dæmis ferðaþjónustu, meðhöndlun úrgangs og orkumálum. Gerð var skýrsla um möguleika Grímseyjar varðandi sjálfbærni í orkumálum og hún kynnt hagsmunaaðilum en ekki hefur tókst að koma verkefnum í orkumálum á áætlunar né framkvæmdastig á árinu. eru það talsverð vonbrigði í ljósi þess að orkumál voru ein af fjórum meginstoðum í áherslum sérstaks starfshóps um málefni Grímseyjar sem skilaði tillögum til ráðuneyta áður en verkefnið Brothættar byggðir hófst í Grímsey.

Unnið var að verkefnum tengdum ferðaþjónustu og einnig að samfélagsefandi verkefnum. Enn fremur var unnið í innviðamálum og má nefna að ferðir Grímseyjarferjunnar Sæfara voru lagaðar frekar að þörfum heimamanna og var mikil ánægja með það. Ferðaþjónusta í Grímsey gekk vel árið 2018,

ferðamönnum fjölgaði og komur skemmtiferðaskipa voru tíðari. Einnig varð fjölgun á afþreyingarmöguleikum í eygni. Mikilvægt er að hlúa að frekari þróun á þessu sviði.

Búðin í Grímsey hlaut styrk úr stefnumótandi Byggðaáætlun þar sem markmiðið er að styðja við verslunarrekstur í strjálbýli.

Verkefnisstjóri var í fæðingarorlofi að hluta og því í hlutastarfi á tímabilinu janúar – september en var til staðar og sinnti brýnustu verkþáttum. Haldinn var íbúafundur íbúafundur í Grímsey 2. mars 2018. Íbúar mættu vel og voru áhugasamir um framgang mála. Meðal annars var farið yfir verkefnisáætlun og hún aðlöguð í kjölfar umræðna svo sem við átti. Verkefnisstjórn hélt undirbúningsfund vegna íbúafundar þann 3. febrúar í tengslum við íbúafund og aftur fjarfund í júní, alls þrjú fundi.

Hrísey, perla Eyjafjarðar

Verkefnið í Hrísey hélt áfram á ágætri siglingu á árinu. Unnið er eftir verkefnisáætlun sem mótuð var á árunum 2016 og 2017 og kom út í lokagerð í febrúar 2017 undir styrkri stjórn Helgu Írisar Ingólfssdóttur, verkefnisstjóra. Meginmarkmið verkefnisins Hrísey, perla Eyjafjarðar eru eftirfarandi:

- Aðlaðandi og aðgengilegt eyjarsamfélag
- Fjölbreytt atvinnulíf
- Sterkir innviðir



Eins og efsta meginmarkmiðið ber með sér er mikill áhugi á að gera sérstöðu eyjarsamfélagsins sem verðmætast í augum íbúa og gesta. Það gæti meðal annars falið í sér að styrkja þá ímynd að kyrrð, ró og fríður einkenni samfélagið og mannlífið, svo sem með takmörkunum á hraða og umferð bifreiða, umhverfisvænum farartækjum og svo framvegis. Jafnframt yrði lögð áherslu á að gera ferjuna eins aðgengilega eins og hægt er og að breyta úr notkun jarðefnaeldsneytis yfir

í vistvæna orkugjafa.

Í tengslum við verkefnið hefur verið unnið gott starf í ofangreindum atriðum en á árinu 2018 skorti upp á að full samstaða væri orðin meðal íbúa um framhald í að móta sérstöðu eyjarsamfélagsins og einnig var þungt fyrir fæti að fá viðeigandi stofnanir og eigendur ferju til að taka af skarið varðandi orkugjafa ferjunnar. Vonir standa til að breyting geti orðið á þessu á árunum 2019 og 2020.

Veittir voru styrkir að upphæð sjö milljónir króna vegna ársins 2018. Mörg góð verkefni hlutu styrk, þau stærstu eru Hrísiðn vegna vinnslu á afurðum úr hvönn og Hríseyjarbúðin. Þá voru og styrkt verkefni í ræktun, ferðaþjónustu og iðnaði, auk hins spennandi landnámseggjaverkefnis sem orðið er að veruleika þegar þetta er ritað.

Verkefnisstjóri var aðeins í 30%-50% hlutastarfi á árinu vegna fæðingarorlofs og starfið fólst því að mestu í utanumhaldi varðandi styrkúthlutanir, samningagerð og eftirfylgni. Haldnir voru fjórir fundir í verkefnisstjórn, auk íbúafundar þann 28. febrúar. Þar af tveir fundir í Hrísey og einn á skrifstofu AFE á Akureyri.



Öxarfjörður í sókn

Í eftirfarandi umfjöllun er meðal annars og ekki síst stuðst við ársskýrslu verkefnisstjóra, Charlottu Englund, fyrir árið 2018. Bryndís Sigurðardóttir kom einnig að gerð skýrslunnar vegna fyrri hluta ársins.

Verkefnið var komið á gott skrið á árinu 2017, síðustu mánuði undir stjórn Bryndísar Sigurðardóttur. Hún leiddi starfið fram á haust en hvarf þá til annarra starfa. Við tók Charlotta Englund sem áður hafði setið í verkefnisstjórn sem annar fulltrúi íbúa. Charlotta (Lotta) tók við í september og leiddi starfið af krafti það sem eftir var árs og síðan á árinu 2019. Hún, líkt og fyrri verkefnisstjórar verkefnisins, er starfsmaður Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga.

Meginmarkmið verkefnisins eru:

- Framandi áfangastaður
- Framsækni í matvælaframleiðslu
- Uppbyggilegt samfélag
- Öflugir innviðir

og markast starfið í verkefninu af þeim.

Af einstökum verkefnum sem unnið var að, var að koma verkefni um smáverksmiðju í bandframleiðslu í hendur áhugasömum frumkvöðlum. Það tókst vonum framar og hafa ung hjón flutt bú sitt í héraðið og undirbúa verksmiðjuna heima á býli sínu í Öxarfirði þegar þetta er ritað. Þá snúa fleiri en eitt markmið í verkefninu að málum tengdum landbúnaði, enda er hann aðalatvinnuvegur héraðsins, ásamt fiskeldi á landi í Öxarfirði og við og í Lónunum í Kelduhverfi. Þá er ferðaþjónusta ofarlega á baugi. Þessi upptalning er ekki tæmandi og vann verkefnisstjóri markvisst að því að koma öllum starfsmarkmiðum verkefnisins í ferli fyrir lok árs 2018. Tókst vel til með það þó mörg séu enn á byrjunarreit eða skammt á veg komin og mikil vinna framundan í eftirfylgni.

Sjö milljónir voru til ráðstöfunar í styrki á árinu og barst metfjöldi umsókna, alls tólf og fengu níu þeirra styrki. Voru ábyrgðaraðilar flestra verkefna búnir að skila lokaskýrslum í lok árs 2018 og framgangur allra verkefnanna góður. Sum hver hafa meðal annars leitt til annarra stærri verkefna. Verkefnin eru

fjölbreytt og tengjast ýmist menningarmálum eða öðru frumkvöðlastarfi, allt frá fuglatalningu og merkinga til hagkvæmniathugana vegna „náttúruþaða“ og hótels í héraðinu.



Mikið var lagt upp úr kynningu á verkefninu og var það meðal annars kynnt í ráðum Norðurþings og á fundi með þingmönnum kjördæmisins. Í lok árs var lögð sérstök áhersla á að vekja athygli sem flestra íbúa á verkefninu með reglulegum kynningum á styrktum verkefnum á vegum verkefnisins á samfélagsmiðlum og heimasíðu verkefnisins.

Þau þáttaskil urðu í innviðamálum að lagður var ljósleiðari um austurhluta héraðsins og standa vonir til að það skapi tækifæri til framfara og fjölbreyttari verkefna. Áfram var haldið með verkefnið á árinu 2019.

Haldnir voru fimm fundir í verkefnisstjórn Öxarfjarðar í sókn, þar af þrjár í héraðinu.

Borgarfjörður eystri - Betri Borgarfjörður

Verkefninu eru gerð góð skil í ársskýrslu verkefnisstjóra og byggir umfjöllunin að miklu leyti á henni.

Verkefnisstjórn hóf störf síðla árs 2017. Íbúáþing var haldið í fyrri hluta febrúar 2018 og því var stýrt af Sigurborgu Kr. Hannesdóttur hjá Ildi. Mæting var mjög góð og umræður málefnalegar.



Alda Marín Kristinsdóttir var ráðin verkefnisstjóri og kom til starfa í byrjun maí 2018. Hún er starfsmaður Austurbrúar. Alda Marín kom strax sterk inn og þá þegar var mikill hugur í heimafólki. Meðal fyrstu verkefna verkefnisstjóra var að leggja drög að verkefnisáætlun Betri Borgarfjarðar.

Meginmarkmið verkefnisins eru fjögur og verkefnavinnan tekur mið af þeim:

- Gott mannlíf

- Fjölbreytt atvinnulíf
- Öflugir innviðir
- Einstakt umhverfi

Verkefnisáætlun sem byggir á ofangreindum meginmarkmiðum var samþykkt á íbúafundi í lok ágúst og fullgerð verkefnisáætlun kom út í lok október. Því má segja að vinna við áætlunina hafi verið nýlega hafin í lok ársins. Sex verkefni voru skráð með verklok í lok árs 2018. Hafa þau öll nema tvö komist til framkvæmda en þó var þeim ekki öllum lokið að fullu um áramót. Það sem telja má mikilvægast og hafði verið efst á baugi á íbúafundinu, var að félag, Gusa ehf., um matvöruverslun var stofnað og rekstur Búðarinnar hafinn um mitt ár 2018. Mikil samstaða var um verkefnið meðal heimamanna og annarra velunnara Borgarfjarðar eystri.

Auglýst var eftir styrkjum og rann umsóknarfrestur út 12. nóvember. Alls bárust 18 umsóknir frá 13 einstaklingum/fyrirtækjum/félagasamtökum. Heildarfjárhæð allra verkefna sem sótt var um fyrir var 17.335.625 kr. og heildarkostnaður þeirra var 41.412.345 kr. Þann 10. desember voru 15 styrkir formlega afhentir 12 styrkhöfum, alls að upphæð 7 milljónir. Verkefnin eru fjölbreytt, allt frá samfélagsverkefnum til vöruþróunar og viðskiptaáætlana.

Þess má geta að verkefni sem hlutu styrki úr sjóði Brothættra byggða/Betri Borgarfjarðar hafa einnig sótt í fleiri styrktarsjóði og fengið úthlutað. Annars vegar tvö verkefni úr Uppbyggingarsjóði Austurlands og hins vegar verslunin úr sjóði á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2018-2024. Er mjög ánægjulegt að sjá hvernig heimamenn færa sig upp á skaftið í umsóknum og hvernig sjóðir geta þannig lagst á árar við að gera árangur verkefnisins á Borgarfirði sem mestan. Þetta á að sjálfsögðu við um önnur þátttökubýggðarlög Brothættum byggðum.

Haldinn var kynningarfundur og námskeið á Borgarfirði í lok ágúst fyrir verkefnisstjóra og áhugasama íbúa í brothættum byggðum, í tengslum við ERASMUS+ verkefnið INTERFACE sem Byggðastofnun leiddi. Vel tókst til í báðum tilvikum og mæting verkefnisstjóra góð.

Talsverð umfjöllun hefur orðið í fjölmiðlum vegna verkefnisins Betri Borgarfjarðar og í flestum eða öllum tilvikum jákvæð. Bæði er um að ræða innlenda og erlenda miðla.

Haldnir voru tíu fundir í verkefnisstjórn Betri Borgarfjarðar, þar af einn á Borgarfirði í tengslum við íbúafund. Annars voru fundir óvenju margir vegna undirbúnings íbúafundings og ráðningar verkefnisstjóra.



Viðauki 1 - Spurningalisti í Maskínukönnun um viðhorf íbúa til verkefnisins Brothættra byggða

Dæmi er hér tekið um spurningalista vegna verkefnisins í Breiðdal en spurningar voru þær sömu í hinum byggðarlögunum. (Svör voru skráð sem stig 1-5 þar sem a=5, b=4 og svo framvegis, e=1).

1. Á heildina litið finnst þér verkefnið Breiðdælingar móta framtíðina hafa tekist vel eða illa?
 - a. Mjög vel
 - b. Fremur vel
 - c. Í meðallagi
 - d. Fremur illa
 - e. Mjög illa
2. Hversu vel eða illa þekkir þú til verkefnisins Brothættra byggða / Breiðdælingar móta framtíðina sem stóð yfir í Breiðdal frá 2013 - janúar 2019?
 - a. Mjög vel
 - b. Fremur vel
 - c. Í meðallagi
 - d. Fremur illa
 - e. Mjög illa
3. Hversu virk(ur) eða óvirk(ur) varst þú í verkefninu Breiðdælingar móta framtíðina, til dæmis með þátttöku í íbúafundum, samtölum við verkefnisstjóra, þátttöku í einstökum verkefnum eða á annan hátt?
 - a. Mjög virk(ur)
 - b. Fremur virk(ur)
 - c. Í meðallagi
 - d. Fremur óvirk(ur)
 - e. Mjög óvirk(ur)
4. Hversu auðvelt eða erfitt fannst þér að fylgjast með dagskrá verkefnisins Breiðdælingar móta framtíðina á verkefnistímanum?
 - a. Mjög auðvelt
 - b. Fremur auðvelt
 - c. Í meðallagi
 - d. Fremur erfitt
 - e. Mjög erfitt
5. Telur þú að verkefnið Breiðdælingar móta framtíðina hafi að miklu eða litlu leyti náð að hægja á fólksfækkun í Breiðdal?
 - a. Mjög miklu
 - b. Fremur miklu
 - c. Í meðallagi
 - d. Fremur litlu
 - e. Mjög litlu
6. Telur þú að með verkefninu Breiðdælingar móta framtíðina, hafi áföllum í atvinnulífinu fækkað eða fjölgað á staðnum eða ekki haft neitt að segja?

- a. Fækkað mikið
 - b. Fækkað nokkuð
 - c. Ekki haft neitt að segja
 - d. Fjölgað nokkuð
 - e. Fjölgað mikið
7. Finnst þér að í verkefninu Breiðdælingar móta framtíðina hafi tekist vel eða illa að virkja íbúa til að þróa samfélagið?
- a. Mjög vel
 - b. Fremur vel
 - c. Í meðallagi
 - d. Fremur illa
 - e. Mjög illa
8. Gáfust íbúum í Breiðdal mikil eða lítil tækifæri á því að taka þátt í forgangsröðun verkefna í byggðarlaginu þann tíma sem verkefnið stóð yfir?
- a. Mjög mikil
 - b. Fremur mikil
 - c. Í meðallagi
 - d. Fremur lítil
 - e. Mjög lítil
9. Gáfust íbúum Breiðdals mörg eða fá tækifæri til að móta framtíðarsýn fyrir samfélagið í Breiðdal á verkefnistímanum?
- a. Mjög mörg
 - b. Frekar mörg
 - c. Í meðallagi
 - d. Frekar fá
 - e. Mjög fá
10. Finnst þér að á verkefnistímanum hafi vel eða illa tekist til við að stilla saman strengi, ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða Breiðdal?
- a. Mjög vel
 - b. Frekar vel
 - c. Í meðallagi
 - d. Frekar illa
 - e. Mjög illa
11. Finnst þér það hafa skipt miklu eða litlu máli að hafa starfandi verkefnisstjóra lengst af verkefnistímans?
- a. Mjög miklu
 - b. Fremur miklu
 - c. Í meðallagi
 - d. Fremur litlu
 - e. Mjög litlu
12. Finnst þér styrkir sem voru veittir í tengslum við verkefnið Breiðdælingar móta framtíðina hafa skipt miklu eða litlu máli í viðleitni til framfara á staðnum á verkefnistímanum?
- a. Mjög miklu
 - b. Fremur miklu

- c. Í meðallagi
- d. Fremur litlu
- e. Mjög litlu

13. Ert þú sammála eða ósammála þeirri nálgun í verkefninu að láta það taka til margra þátta samfélagsins fremur en atvinnumála eingöngu?

- a. Mjög ósammála
- b. Fremur sammála
- c. Í meðallagi
- d. Fremur ósammála
- e. Mjög ósammála

14. Hversu miklu eða litlu máli telur þú það skipta að áfram verður unnið með framtíðarsýn og markmið verkefnisins Breiðdælingar móta framtíðina?

- a. Mjög miklu
- b. Fremur miklu
- c. Í meðallagi
- d. Fremur litlu
- e. Mjög litlu

15. Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri varðandi verkefnið Breiðdælingar móta framtíðina og framkvæmd þess?